

NORDISKA POLISFÖRBUNDET



·1921·

DANSK KRIMINALPOLITIFORENING, DANSK POLITIFORBUND
LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA, NORSK POLITIFORBUND
SUOMEN POLIISIEN LIITTO, SVENSKA POLISFÖRBUNDET

Alþingi
Erindi nr. P 125/673
komudagur 20.1.2000

Reykjavík 18. janúar 2000.

Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Efni: Mál nr. 237, Frumvarp til laga um breyting á ýmsum lögum vegna þátttöku Íslands í Shengen-samstarfinu.

Á fundi stjórnar “Nordiska polisförbundet”, sem er samtök lands sambanda lögreglumanna í Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð þann 15. desember sl., var m.a. tekið til umræðu frumvarp til breytinga á lögreglulögum á Íslandi, vegna þátttöku landsins í Shengen-samstarfinu.

Stjórn NPF telur með öllu óásættanlegt að aðrir en þeir sem lokið hafa prófi frá viðurkenndum lögregluskóla, séu skipaðir til starfa sem lögreglumenn. Á Norðurlöndum búa vel menntaðar þjóðir og kröfur samfélagsins til lögreglunnar eru miklar. Til að mæta þeim kröfum þarf samfélagið að tryggja lögreglumönnum góða menntun og viðvarandi starfsþjálfun.

Á undanförunum árum hafa orðið miklar breytingar innan Evrópu þar sem m.a. ferð fólks um innri landamæri hennar hafa verið gefin frjáls. Með þátttöku Íslands og Noregs í Shengen-samstarfinu helst gamalgróin hefð varðandi ferðafrelsi Norðurlandabúa og færist til Evrópubandalagsríkjanna. Slíkt kann að kalla á breytingar er réttlætir á engan hátt að “landamæraverðir” með óskilgreinda skammtímamenntun flokkist til lögreglumanna.

Stjórn NPF skorar á þá sem málið varðar að finna því annan farveg.

Virðingarfyllst,


Jonas Magnússon
formaður

NORDISKA POLISFÖRBUNDET

Visiting address

Baldersgatan 1

Postal address

Box 5583
114 85 STOCKHOLM

Telephone

08-676 97 00

Telefax

08-23 24 10